



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Ársskýrsla 2019

Lilja G. Jóhannesdóttir
skólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð.....	2
Vorönn 2019	2
Ýmsar upplýsingar	2
Aldursskipting nemenda.....	2
Skipting nemenda eftir námsbrautum	2
Hautönn 2019.....	3
Ýmsar upplýsingar	3
Aldursskipting nemenda.....	3
Skipting nemenda eftir námsbrautum	3
Innritun nýnema	4
2. Starfsmannahald.....	5
3. Stefnumiðuð áætlun	6
Staða árangursmælikvarða - kjarnastarfsemi.....	6
Markmið 1: Minnka brotthvarf úr námi.....	6
Markmið 2: Efla gæði bók- og starfsnáms.....	6
Staða árangursmælikvarða - rekstrarþættir	7
Markmið 1: Efling mannauðs	7
Markmið 2: Að reka skólann innan fjárheimilda fjárlaga ár hvert.....	8
4. Þróunarverkefni og styrkir.....	9
Styrkir.....	9
Þróunar- og samstarfsverkefni	9
5. Ársreikningur	11
6. Gæðamál	12
7. Húsnæði skólans; aðstaða, endurbætur og endurnýjun	14
8. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans	16
Erlent samstarf og endurmenntun.....	16
Lokaorð	18

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2019.

Að vanda var mikið um að vera, námsframboðið fjölbreytt og kynningamál í brennidepli. Þar var sem fyrr sérstök áhersla lögð á að kynna iðn- og starfsnám, bæði á vettvangi skólans og í samstarfi við aðra starfsnámsskóla á landinu. Uppbygging erlends samstarfs var áfram umfangsmikil ásamt því sem áhersla var lögð á félagslíf og forvarnir. Var unnið markvisst í því að móta hefðir í félagslífinu með það að leiðarljósi að heilbriggt félagslíf sem stuðlaði að virkni nemenda væri öflug forvörn.

Á vorönn var mikil áhersla lögð á undirbúning rafrænnar skjalavistunar og fékk skólinn málalykil til 5 ára ásamt leiðbeiningum samþykktan af Þjóðskjalasafni í lok annarinnar. Við upphaf haustannar hófst svo rafræn skjalavistun og notast skólinn þar við kerfi sem kallast EasyCases og er lausn frá Microsoft.

Einnig var vinna að gæðamálum og innleiðingu staðla umfangsmikil á árinu, sérstaklega á haustönn. Var gerð samantekt á stöðu skólans við innleiðingu gæðastjórnunarkerfis sem hefur reynst afar umfangsmikil og tímafrek. Sjáum við nú til lands þar fljótlega, vonandi á haustönn 2020. Einnig var gríðarleg áhersla lögð á að ná jafnlaunavottun fyrir árslok en lægðir og rafmagnsleysi settu þar strik í reikninginn þar sem ekki var hægt að fylgja tímasetningu með forvottun í desembermánuði. Því seinkaði vottunarferlinu óhjákvæmilega um nokkrar vikur.

Enn sem fyrr er áhersla lögð á umhverfismál en skólinn hefur flaggað Grænfána frá árinu 2018. Smám saman er þessi vinna að verða inngreypt í skólastarfið.

Allt í allt er því óhætt að segja að árið 2019 hafi verið viðburðaríkt í Verkmenntaskóla Austurlands.

1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð

Vorönn 2019

Ýmsar upplýsingar

- 244 nemendur
 - 137 kvenkyns
 - 107 karlkyns
- 138,8 nemendaígildi
- 4,8% brottfall

Aldurskipting nemenda

Nemendur fæddir 2002	28
Nemendur fæddir 2001	22
Nemendur fæddir 2000	34
Nemendur fæddir 1999	17
Eldri nemendur	143
Heildarnemendafjöldi:	244

Meðalaldur nemenda er 24,7 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

		24.01.2019
Framhaldsskólabraut	FB	4
Félagsfræði – og félagsvísindabraut	FÉ – FÉL	29
Grunnnám rafiðna	GR	14
Grunnbraut hársnyrtiiðna	GBH	7
Húsasmíði	HÚS	18
Námsbr. fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum	LSL/STF	24
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GNM	7
Náttúruvísindabraut	NÁT	19
Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	13
Opin stúdentsbraut	OST	6
Ótilgreint nám	ÓTN	22
Sjúkraliðabraut	SJÚ	59

Starfsbraut	STB	6
Dreifnám		16

Haustönn 2019

Ýmsar upplýsingar

- 283 nemendur
 - 162 kvenkyns
 - 120 karlkyns
- 182,3emendaígildi
- 3,8 % brottfall

Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 2003	36
Nemendur fæddir 2002	30
Nemendur fæddir 2001	28
Nemendur fæddir 2000	36
Eldri nemendur	189
Heildarnemendafjöldi:	283

Meðalaldur nemenda er 25,6 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

		10.09.19
Framhaldsskólabraut	FB	5
Framhaldsskólabraut - nýbúabraut	FNÝ	6
Félagsvísindabraut	FÉL	35
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GNB	10
Grunnnám rafiðna	GNR	14
Grunnnám rafiðna - dreifnám	GNRD	14
Grunnbraut hársnyrtiiðna (1. og 3. önn)	GBH	10
Húsasmíði	HÚ8	9
Námsbr. fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum	LSL/STF	31
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GNM	10

Grunnnám málm- og véltæknigreina - dreifnám	GNMD	12
Náttúruvísindabraut	NÁT	21
Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	12
Opin stúdentsbraut	OST	3
Ótilgreint nám	ÓTN	22
Sjúkraliðabraut	SJÚ	68
Starfsbraut	STB	8
Vélstjórn B	VVB	1
Vélstjórn B - dreifnám	VVBD	0
Vélvirkjun - dreifnám	VÉVD	0

Innritun nýnema

Umsóknir úr Fjarðabyggð

Búseta	Fjöldi				Ekki valið		
	nemenda	1. val	2. val				
Mjóifjörður	0						
Neskaupstaður	11	9	82%	2	18%		
Eskifjörður	15	8	53%	2	13%	5	33%
Reyðarfjörður	23	8	35%	6	26%	9	39%
Fáskrúðsfjörður	8	1	13%	2	25%	5	63%
Stöðvarfjörður/Breiðdalsvík	3	2	67%	1	33%		
	60	28		13		19	
			47%		22%		32%

4 nýnemar búa fyrir utan Fjarðabyggð (2 frá Djúpavogi, 1 frá Egilsstöðum og 1 frá Borganesi)

87% nýnema koma úr Fjarðabyggð.

2. Starfsmannahald

Á ársgrundvelli voru um 30 stöðugildi sem skiptust í 21 við kennslu og 9 við rekstur og þjónustusvið.

Á kennslusviði stöfuðu 29 manns í 21 stöðugildum á vorönn en 27 stöfuðu í 20,9 stöðugildum á haustönn. Fimm kennarar voru einnig deildarstjórar samhliða kennslu þ.e. á öllum verknámsbrautum og á starfsbraut. Á haustönn voru 10 kennarar (af þeim voru 3 í 25% stöðugildi) án kennsluréttinda en 5 eru í réttindanámi. Á þetta aðallega við um kennslu í starfsnámi. Meðalaldur kennara skólans eru 45 ár.

Á þjónustusviði voru 8 starfsmenn í 5,4 stöðugildum sem skiptast í húsvörð, ræsitækna, námsráðgjafa, kerfisstjóra og nemendagæslu.

Á fjármálasviði starfaði ein kona (58 ára) og er hún í fullu starfi sem fjármálastjóri.

Í yfirstjórn eru 3 starfsmenn í 2,5 starfhlutfalli: skólameistari (47 ára kona) , aðstoðarskólameistari (36 ára kona) og gæða- og verkefnastjóri (35 ára karl).

Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans og beindu skýrsluhöfundar því til MRN að auka þyrfti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag á yfirstjórn væri mikið. Þrátt fyrir að árin hafi liðið hefur ekki verið brugðist við þessum ábendingum og fengu stjórnendur skólans engin viðbrögð frá MRN varðandi þetta mat úttektaraðila á sínum tíma.

Frá hausti 2016 var ráðinn 50% gæða- og verkefnastjóri við skólann til stuðnings við stjórnun. Við ráðningu nýs skólameistara við skólann haustið 2018 , sem var með afar skömmum fyrirvara, gafst ekki svigrúm til að fylla í skarð gæða- og verkefnastjórans sem nýr skólameistari hafði áður sinnt. Var hins vegar ráðið í það starf aftur haustið 2019 sem er vel og styrkir stjórnendateymi skólans. Með öllum þeim nýju verkefnum sem lögð eru á herðar framhaldsskóla í dag er óraunhæft annað en að hafa þetta hlutfall við stjórnun.

Þrátt fyrir að mikið álag sé á stjórnendur skólans þá virðast starfsmenn skólans vera ánægðir með stjórnunina samkvæmt könnuninni Stofnun ársins. Raunar kemur skólinn mjög vel út úr þeirri könnun í heild sinni.

3. Stefnumiðuð áætlun

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðuðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðuðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið VA og stöðu árangursmælikvarða.

Staða árangursmælikvarða - kjarnastarfsemi

Markmið 1: Minnka brotthvarf úr námi

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.
 - Viðmið fyrir árið 2019 var að standa jafnfætis eða betur en meðaltal framhaldskóla á Íslandi. Það viðmið náðist en samkvæmt útreikningum frá MRN á brotthvarfi var 0% brotthvarf nemenda sem hófu nám við VA haustið 2018 á milli ára, þ.e. þeir skiluðu sér allir inn á annað ár haustið 2019. Hið sama átti við árið á undan.
- Ástæður brotthvarfs.
 - Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um og greinir ástæður brotthvarfs.
- Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem lýkur námi.
 - Ætlunin var að skilgreina mælikvarða árið 2018 en það markmið náðist ekki.

Markmið 2: Efla gæði bók- og starfsnáms

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Viðhorf nemenda til kennslu
 - Til að meta hvort þetta markmið hafi náðst er handhægast að líta til sjálfsmatskýrslu fyrir árið 2018 – 2019 þar sem skýrsla fyrir árið 2019 – 2020 liggur ekki fyrir fyrr en að skólaárinu loknu.
 - Annars vegar er miðað við að a.m.k. 85% svarenda í áfangamati séu ánægðir með kennslu. Skólinn náði ekki þessu markmiði sínu á skólaárinu 2018 – 2019

en ánægja með kennslu mældist þá 79%. Hugsanlega hefur markið þarna verið sett of hátt, en fram kom í samtali við sérfræðinga MRN á haustfundi ráðuneytis með stjórnendum VA 2019, þar sem sjálfsmatsskýrsla skólans var til umræðu, að skólar væru almennt með þetta markmið lægra, eða um 80%. Er í skoðun hjá gæðaráði að lækka þetta markmið í gæðaviðmiðum.

- Viðhorf nemenda til aðstöðu til náms í skólanum.
 - Hér er einnig vísað til sjálfsmatsskýrslu fyrir árið 2018 – 2019.
 - Markmiðið var að a.m.k. 85% svarenda í áfangamati teldu aðstöðu til náms og kennslubúnaður viðunandi. Það markmið náðist árið 2018 – 2019 og mældist ánægjan 88%.
- Hlutfall útskrifaðra áfanga.
 - Markmiðið var að 95% áfanga teldust útskrifaðir (sjá sjálfsmatsskýrslu fyrir árið 2018 – 2019 til frekari útskýringa). Það markmið náðist enda þessi hluti gæðastjórnunarkerfisins kominn í góða virkni innan skólans. Hlutfall útskrifaðra áfanga var 99%.

Staða árangursmælikvarða - rekstrarþættir

Markmið 1: Efling mannauðs

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Fjöldi námskeiða og fyrirlestra, áhersla á jafningjafræðslu og lærdómssamfélag
 - Ætlunin var að skilgreina mælikvarða árið 2019. Ekki náðist það en engu að síður er ljóst að aukning hefur orðið í námskeiðum og fyrirlestrum inni í skólanum frá því sem var annars vegar með nýtingu SEF styrkja og hins vegar með erlendu samstarfi. Enn vantar þó nokkuð upp á jafningjafræðslu, þ.e. formlega. Óformleg jafningjafræðsla er þó alltaf mikil.
- Fjöldi samþykktra starfslýsinga skv. ISO 9001 staðli.
 - Markmiðið var að allar starfslýsingar væru samþykktar. Enn vantar vantar nokkuð upp á það markmið hafi náðst en við þokumst þó í rétta átt þar.

- Fjöldi starfsmannaviðtala á ári
 - Markmiðið var að allir starfsmenn færu í starfsmannaviðtal árið 2019. Það markmið náðist ekki.

Markmið 2: Að reka skólann innan fjárheimilda fjárlaga ár hvert.

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Samræmi áætlunar og raunútgjalda
 - Talsvert langt var frá því að markmiðið næðist fyrir árið 2019. Skólinn var rekinn með umtalsverðum halla innan ársins, þrátt fyrir að ekki hafi verið gerðar breytingar í rekstri né námsleiðum fjölgað frá því sem var þegar skólinn var rekinn innan fjárheimilda. Aukin aðsókn hefur verið í ákveðnar greinar í starfsnámi, rafiðn, vélstjórn og sjúkraliðanám, sem hefur leitt af sér kennsluaukningu í þessum greinum. Aðrar breytingar hafa ekki átt sér stað gagnvart kennsluskiptingu.
- ISO gátlistar
 - Markmiðið var að mælikvarði yrði skilgreindur innan ársins 2019. Það náðist ekki en gátlistar eru þó notaðir innkaupum.

4. Þróunarverkefni og styrkir

Skóli er hluti af samfélagi, hvort sem um ræðir nærsamfélag hans eða menntasamfélag í heimi þar sem fjarlægðir hafa sífellt minni áhrif á samstarf sökum tækniframfara og aukinna ferðalaga milli landa og landshluta.

Verkmenntaskóli Austurlands nýtur góðs af samstarfi við ótalmarga aðila og einnig nýtur hann góðra styrkja sem eru lykilatriði þegar kemur að rekstrarforsendum. Hér á eftir má sjá hverjir eru helstu samstarfsaðilar skólans og einnig hverjir styrktu starfsemi skólans á árinu 2019.

Styrkir

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar. Helstu styrkir voru eftirtaldir:

- Framlag til íslenskukennslu frá ríkissjóði 1,5 millj.
- Styrkur frá SÚN ½ millj. vegna forvarnarpings.
- Styrkir frá SVN, Alcoa og SÚN 1,9 millj. v/Tæknidags fjölskyldunnar 2019.
- SEF (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskóla) veitti styrk til að fá gestafyrirlesara, til að senda kennara á námskeið erlendis og til að halda sumarnámskeið fyrir kennara.
- Leikfélag skólans Djúpið og nemendafélag VA fengu góða styrki frá:
 - SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Skólinn tekur þátt í ýmsum þróunar- og samstarfsverkefnum:

- Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar.
- Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku en einnig reyna skólarnir að samnýta endurmenntun sem boðin er á svæðinu er til kennara eins og hægt til að auka framboðið.
- Samstarf við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og Menntaskólann á Egilsstöðum í félagslífi með endurvakningu *austfirsku ólympíuleikanna*.
- Skólinn hélt áfram þátttöku í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.
- Í september 2016 hóf skólinn þátttöku í verkefninu *Skólar á greinni grein* og haustið 2018 hlaut skólinn Grænfána. Það samstarf er enn til staðar og að festa sig í sessi.

- Í september 2017 hófst formlegt samtal skólans við sveitafélagð Fjarðabyggð og fyrirtæki á Austurlandi um samstarf í menntamálum. Upp úr þessu varð til samstarfsverkefni um stofnun Háskólaseturs á Austurlandi. VA er þátttakandi í stýrihópi verkefnisins.
- Samstarf við tólf aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni í Fjarmentaskólanum þar sem skólanir vinna saman t.d. varðandi námsframboð.
- Samstarf við aðra starfsnámskóla m.a. með átaksverkefnum eins og #hvaðvelurþú og útgáfu á kynningarblaðinu 20/20 sem fór inn á heimili allra nemenda í 8., 9. og 10. bekk á vorönn.
- Erlent samstarf þar sem skólinn er í samstarfi við skóla í Danmörku, Þýskalandi, Spáni, Ungverjarlandi, Noregi, Slóveníu, Króatíu og Ítalíu. Fleiri slík verkefni eru á teikniborðinu.

5. Ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 10,4 millj.

Áætluð staða í árslok er rúmar 14 milljónir í halla.

Fjárheimild VA árið 2019	<i>Allar tölur í milljónum króna</i>	
	Höfuðstóll frá 2018	10,4
	Fjárlög ársins 2019	415,5
	Launabætur	0
	Millifært milli fjárlagaliða	0
		425,9

Áætlaður rekstur VA árið 2019	<i>Allar tölur í milljónum króna</i>	
	Aðrar rekstrartekjur	-8,7
	Sértekjur	-31,9
	Launagjöld	316,6
	Almennur rekstur	154,2
	Fjárfestingar	9,9
		440,1

Sértekjur vegna sérstakra verkefna sem VA stendur fyrir eru: Forvarnamálþing 0,5 millj.,

Tæknidagur fjölskyldunnar 1,9 millj., Erasmus+ verkefni 11,5 millj.

6. Gæðamál

Unnið hefur verið að innleiðingu á ISO-gæðastjórnunarkerfi frá haustinu 2014 og er þar byggt á Gæðahandbók Verkmenntaskólans á Akureyri. Upphaflega átti að einskorða vottunina við vélstjórnarnám í VA en fljótlega urðu stjórnendur skólans sannfærðir um að taka ætti upp ISO gæðavottun fyrir allan skólann. Hefur vinna við sjálfsmat skólans því markast af innleiðingunni sl. fimm skólaár og er vinna við skrásetningu verkferla komin vel á veg. Frá og með hausti 2016 var sjálfsmatsnefnd lögð niður og í stað hennar skipað gæðaráð skólans sem er liður í innleiðingarferlinu. Síðla árs 2019 fékk skólinn Svein V. Ólafsson staðlasérfræðing til liðs við sig til að fara yfir stöðu innleiðingarinnar. Í ljós kom að innleiðing kerfisins er komin vel á veg og stefnt er að því að fara í vottunarferli á haustönn 2020.

Veigamesti þátturinn í gæðastjórnunarkerfinu sem snýr að kennslu er það sem kallast *útskrift áfanga*. Hófst vinna við þá útskrift á haustönn 2016. Allir þættir í því ferli eru nú komnir í góða virkni innan VA og má segja að þeir hafi fest sig í sessi í skólastarfinu.

Á árinu hófst innleiðing jafnlaunakerfis, sem byggir á jafnlaunastaðlinum ÍST85. Sú innleiðing hélst í hendur við innleiðinguna á gæðastjórnunarkerfinu. Undirbúningur fyrir innleiðingu jafnlaunakerfis hafði staðið yfir í þó nokkurn tíma en mikill þungi var settur í innleiðinguna í upphafi haustannar 2019. Verkferlar voru ýmist aðlagðir eða settir upp frá grunni. Í desember 2019 fór forvottun fram og var það faggilti vottunaraðilinn iCert sem framkvæmdi vottunina. Smávægilegar lagfæringar þurfti að gera sem lauk síðan með vottun í febrúar 2020. Vottunin staðfestir að skólinn starfræki jafnlaunakerfi og tryggja á að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Eftirlitsúttektir með kerfinu verða framkvæmdar árlega en vottunin gildir í þrjú ár.

Meðal lykilþátta í báðum stjórnunarkerfum eru svokölluð rýni stjórnenda og innri úttektir. Rýni stjórnenda er fundur þar sem stjórnendur rýna ýmsa þætti gæðakerfisins. Slíkur fundur er haldinn í lok hvernar annar. Eftir rýnina liggur skýrsla fyrir þar sem tímasett umbótaáætlun er sett fram og nær hún fram að næstu rýni. Innri úttektum var einnig ýtt úr vör en í þeim felst að ýmsir þættir kerfanna eru rýndir með það að markmiði að styrkja og efla kerfin. Þessir þættir munu halda áfram að styrkjast og eflast á næstu árum. Skýrslan Rýni stjórnenda

er aðgengileg á heimasíðu VA og þar má finna ítarlegri upplýsingar um alla þá þætti sem snúa að stjórnunarkerfunum.

Í matsskýrslu fyrir skólaárið 2019 – 2020 verður gerð ítarleg grein fyrir vinnu við gæðamál í VA sem og niðurstöðum gæðakannana, bæði sem framkvæmdar eru af gæðaráði og ytri könnunum sem nýttar eru sem hluti gæðakerfisins. Einnig er þar lögð fram matsáætlun skólaársins 2019 – 2020. Skýrslan birtist á heimasíðu VA og er vísað til hennar fyrir frekari upplýsingar um gæðamál í VA seinni hluta árs 2019. Einnig má í matsskýrslu fyrir árið 2018 – 2019 fá frekari upplýsingar um gæðamál í VA fyrri hluta árs 2019.

7. Húsnæði skólans; aðstaða, endurbætur og endurnýjun

Húsnæði skólans er að mörgu leyti gott hvað kennsluáðstöðu varðar. Enn er þó ekki góð aðstaða fyrir félagslíf nemenda og ekki er neinn samkomusalur í skólanum. Þegar kalla þarf nemendur saman „á sal“ eða þegar nemendur koma saman í skólanum í félagsstarfi o.s.frv þá er ekki annað húsnæði í boði en anddyri gamla skólahúsnæðisins. Þetta rými er kallað setustofa. Miðað við það sem flestir aðrir framhaldsskólar búa við þá er þetta ófullnægjandi. Þessi skortur á samkomusal stendur skólstarfinu tvímælalaust fyrir þrifum.

Einnig er svo að þörf er á meira rými fyrir kennara í bóknámshúsi og vinnuaðstaða kennara í verknámshúsi er óboðleg. Þar er hávaðamengun mikil því vinnuaðstaðan er við hlið vélasala og mestmegnis einungis glerveggur á milli. Mikilvægt er því að auka rými í bóknámshúsi svo hægt sé að skapa öllum kennurunum ásættanlega vinnuáðstöðu þar. Eina leiðin til þess, fyrir utan viðbyggingu, er að skólinn taki aftur til sín rými í austurenda bóknámshúss sem leigt hefur verið út til fjölda ára. Rekstrarstaða skólans hefur hins vegar ekki gefið kost á því að segja upp leigjendum og því fátt um úrræði varðandi þetta plássleysi. Nú er þó von á breytingum þar sem leigjendur hafa sagt upp frá og með hausti 2020 og því fær skólinn þá meira rými. Þetta mun þó reynast afar erfitt gagnvart rekstri skólans því hann mun verða af sértekjum auk þess sem kostnaðarsamt er að taka yfir rekstur þessa hluta byggingarinnar. Ekki er þó um annað að ræða þar sem smærri fyrirtæki og einyrkjar í Neskaupstað munu nú allir flytja starfsemi sína í nýja klasabyggingu og því enga leigjendur að hafa í stað þeirra sem fara. Óskað var eftir því við MRN að tekið yrði tillit til þessara breytinga við fjárúthlutun til skólans fyrir árið 2020 en hvorki fékkst svar við þeirri beiðni né var hægt að sjá hækkun á fjárlögum.

Á árinu 2019 voru sem fyrr gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og fjárfestingarframlag nýtt til endurnýjunar á húsgögnum og tækjabúnaði eins og mögulegt var. Aðstaða nemenda var bætt með endurnýjun húsgagna og keyptur var kennslubekkur fyrir stýringar í vélstjórn til að hægt væri að uppfylla kröfur námskrár.

Enn var vinnuaðstaða kennara var bætt sem og vinnuaðstaða ræstingarfólks með húsgögnum og búnaði. Á undanförunum árum hefur skólinn komið vel út í könnunni *Stofnun ársins* en áberandi hefur þó verið að ánægja með vinnuskilyrði hefur skorið sig þar úr og verið undir meðaltali sambærilegra stofnana.

Varðandi endurbætur og endurnýjun á húsakynnum skólans af hendi *Ríkiseigna* var ýmislegt gert. Haldið var áfram við uppsetningu kerfislofta og LED lýsingar, skipt um gólfefni og eldhúsinnréttingu í smærri íbúð heimavistar, skipt um gólfefni og lagður hiti í gólf í matsal heimavistar.

8. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2019. Eins og undanfarin ár þá komu nemendur úr grunnskólunum á Austurlandi í heimsókn í skólann. Sérstök áhersla var eins og áður lögð á að kynna verknámið. Sem dæmi um það má nefna að verknámsvika VA og Fjarðabyggðar var haldin í sjöunda sinn. Upphaflega var um að ræða vinnuviku í byrjun júní þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem nýlega höfðu lokið 9. bekk komu til náms í verknámsdeildum skólans. Árið 2019 var gerð sú breyting að verknámsvikan er ekki lengur hluti af vinnuskólanum heldur hluti af námi nemenda í 9. bekk í grunnskólum sveitafélagsins. Skólinn hafði lengi lagt áherslu á þessa breytingu enda hefur aðeins lítil hluti nemenda í 9. bekk verið í vinnuskólanum undanfarin ár.

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í sjöunda sinn í október. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans eins og verið hefur. Yfir 1500 manns sóttu Tæknidaginn 2019. Dagskráin byggist á því að nemendur og kennarar eru með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl. Ljóst er að Tæknidagurinn er búinn að festa sig í sessi sem einn allra stærsti viðburðurinn sem fer fram á Austurlandi ár hvert.

Erlent samstarf og endurmenntun

Frá haustinu 2017 hefur áhersla á að stafsfolk skólans sækja námskeið og ráðstefnur erlendis aukist. Sérstaklega er þar horft til að þeir kynni sér nýja kennsluhætti og/eða þrói þá kennsluhætti sem lögð hefur verið áhersla á undanfarið t.d. vendikennslu. Hafa nú margir starfsmenn skólans sótt farið í skólaheimsóknir erlendis og sótt ráðstefnur og námskeið auk þess sem samstarf við erlenda skóla fer jafnt og þétt vaxandi. Skólinn sendi áfram nemendur í starfsnámi í skiptinám erlendis, ýmist til þriggja vikna eða fjögurra mánaða dvalar. Einnig komu nemendur til VA með sama hætti. Nemendur fóru einnig í styttri ferðir með kennurum í samstarfsverkefni sem VA er í ásamt skólum í Ungverjalandi, Noregi, Króatíu, Slóveníu og Ítalíu.

Þessi nemendaskipti og samstarfsverefni eru liður í Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Teljum við þessa áherslu á erlent samstarf geta skilað sér í betra skólastarfi og auknum tækifærum fyrir skólann, nemendur hans og starfsfolk.

Einnig hefur undanfarið verið lögð aukin áhersla á endurmenntun kennara með því að fá til okkar fræðslu. Með styrk frá SEF, Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara, höfum við fengið til okkar gestafyrirlesara og haldið sumarnámskeið. Er þessi endurmenntun óðum að festast í sessi innan skólans.

Dreifnám

Á haustönn 2018 hófst dreifnám í grunndeildum rafinna og málm- og véltæknigreina. Er fyrirkomulagið með þeim hætti að fagbóklegur hluti námsins er „speglaður“ og því aðgengilegur nemendum hvar og hvenær sem er. Verklegi hluti námsins er unninn á verkstæðum skólans en þau eru opin nemendum utan hefðbundins dagvinnutíma tvisvar sinnum í viku. Auk þess geta nemendur unnið á verkstæðum á dagvinnutíma þegar það hentar.

Hefur námið mælst vel fyrir og var aðsókn góð. Haldið var áfram með dreifnámið á haustönn 2019 og voru þá kenndar fleiri annir en áður í báðum greinum í dreifnáminu. Með dreifnáminu er verið að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og einstaklinga sem vilja stunda nám með vinnu.

Lokaorð

Skýrsla þessi sýnir glögglega að árið 2019 var viðburðaríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Mikið líf er í starfsemi skólans, bæði í daglegu starfi og hinum ýmsu kynningar- og þróunarverkefnum.

Rekstur skólans hefur þó verið að þyngjast og duga fjárveitingar ekki lengur til að halda úti því námi sem í boði hefur verið við skólann undanfarin ár. Eins fram hefur komið hér á undan var halli innan ársins 2019 áætlaður um 25 milljónir en þegar þessi skýrsla er skrifuð vantar enn lokauppgjör fyrir árið 2019 frá Fjársýslu ríkisins. Við áætluðum að vera í jákvæðri stöðu sem mundi flytjast yfir á árið 2020 en svo varð ekki, heldur er halli uppá rúmar 14 milljónir sem flyst yfir á árið 2020. Þessi halli er m.a. kominn til vegna óvæntra neikvæðra leiðréttinga sem komu inn í upphafi árs 2020, voru þetta leiðréttingar á húsaleigu ársins 2019 og vegna uppgjörs starfsbrauta fyrir árið 2018.

Það er ljóst að skólinn þarf á auknum fjárheimildum að halda til að geta haldið úti því fjölbreytta framboði sem til staðar er í starfsnámi. VA er eini starfsnámskólinn á austurhluta landsins og um fjölbreytnina þarf að standa vörð. Markmið stjórnvalda eru fjölbreytt námsframboð um allt land, efling starfsnáms og bætt aðgengi að því á landsbyggðinni. Til að VA geti haldið áfram að vinna að þessum markmiðum þarf að tryggja fjármagn til að halda úti námsframboði skólans. Enn er til staðar uppsöfnuð þörf á frekari endurnýjun á tækjum í starfsnámi og því lykilatriði að skólinn geti nýtt fjárfestingarframlag sem honum er úthlutað til fjárfestinga.

Helstu áherslurnar á árinu 2019 voru enn sem fyrr á að standa vörð um fjölbreytt námsframboð skólans, eflingu erlends samstarfs, dreifnám og gæðamál en þessar áherslur hafa þann tilgang að auka alþjóðavitund, gæði og fjölbreytni þeirrar þjónustu sem skólinn veitir.

Fjarðabyggð 13. apríl 2020

Lilja Guðný Jóhannesdóttir

skólameistari